

Álit

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur að beiðni allsherjarnefndar tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969 (658. mál). Nefndin ræddi þau atriði frumvarpsins sem tengjast málefnasviði hennar, þ.e. sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í velferðarráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er m.a. að endurskipuleggja ráðuneyti Stjórnarráðsins til að gera þjónustu við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Meiri hlutinn telur mikilvægt að nýta opinbera fjármuni og þá sérfræðipækkingu sem til staðar er á sem skilvirkastan og hagkvæmastan máta. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur mikilvægt að tryggja öfluga þjónustu til framtíðar.

Þeir málaflokkar sem heyra undir félags- og tryggingamálanefnd hafa undanfarin missiri eins og aðrir málaflokkar orðið fyrir sársaukafullum niðurskurði og telur meiri hlutinn að nýtt velferðarráðuneyti sé í betri stöðu til að forgangsraða á nýjan hátt, samþætta velferðarúrræði og eftirlit með þeim og nýta fjármuni sem renna til málaflokkanna á sem skilvirkastan hátt. Álit þetta telur meiri hlutinn staðfest í þeim fjölmörgu umsögnum sem bárust sem almennt eru jákvæðar hvað varðar sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.

Meiri hlutinn áréttar að undirbúa þarf sameininguna vel og telur nauðsynlegt að í undirbúningsvinnunni verði haft samráð við starfsmenn og notendur þeirrar þjónustu sem heyrir undir málefnasvið ráðuneytanna. Þá telur meiri hlutinn það málinu til framdráttar að sami maður gegnir embætti félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra þar til nýtt velferðarráðuneyti tekur til starfa.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst.

Alþingi, 8. sept. 2010.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaform.
Árni Þór Sigurðsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Anna Margrét Guðmundsdóttir.
Lilja Mósésdóttir.